

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Rangárþingi eystra, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitugjaldnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,20% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurföfnunar á kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa samkvæmt 21. gr. samþykktar um fráveitur í Rangárþingi eystra.

Árlegt rotþróargjald á íbúðar- og frístundahús, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 14.500.

Árlegt rotþróargjald við atvinnurekstur eða fyrirtæki, þar sem tæming á sér stað að jafnaði þriðja hvert ár, skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-4.000 l kr. 14.500.

Rotþró 4.001-6.000 l kr. 16.800.

Rotþró 6.001 l eða stærri kr. 7.500 pr. m³.

Fyrir aukalosun rotþróa, allt að 6.000 l að stærð, skal greiða kr. 68.000. Fyrir aukalosun rotþróa, 6.001 l eða stærri, skal greiða sérstaklega skv. gjaldskrá losunaraðila.

6. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009, um niðurfellingu eða lökkun til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 16. febrúar 2023.

Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri.